

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulþjóðgarðs

38. fundur

haldinn að Lyngási, 11. febrúar 2011

Mættir: Björn Ármann Ólafsson formaður, Ruth Magnúsdóttir, Magnhildur B. Björnsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Skarphéðinn G. Þórisson og Þórhallur Þorsteinsson. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður og Þórður Ólafsson frkvstj. þjóðgarðsins var í síma undir lið 2., 3. og 4.

Dagskrá:

1. Dagskrá fundarins og fundargerð síðasta fundar.
2. Rekstur 2010 og rekstraráætlun 2011
3. Aðgerðaáætlun fyrir Austursvæði
4. Framkvæmdaáætlun fyrir Austursvæði 2011
5. Staða mála á Austursvæði
6. Stækkunarmál á Austursvæði
7. Fundur stjórnar Vatnajökulþjóðgarðs 19. janúar
8. Önnur mál

Formaður stýrði fundi og setti hann kl. 16.05. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Undirrituð fundargerð 37. fundar sem fundarmenn höfðu farið yfir eftir síðasta fund.

2. Rekstur 2010 og rekstraráætlun 2011

Þórður og Agnes kynntu rekstraráætlun 2011 fyrir austursvæði sem lá fyrir fundinum ásamt áætlunum rauntölum fyrir 2010. Farið var yfir áætlunina lið fyrir lið og þeir ræddir. Gert er ráð fyrir rekstrargjöldum upp á 41,1 m.kr. og að sértekjur aukist með aukinni vörusölu í Snæfellsstofu og verði 7 m.kr. Ríkisframlag verði því 34,1 m.kr. Í áætluninni er gert ráð fyrir lítilsháttar fjölgun landvarðavikna auk meira starfsmannahalds í Snæfellsstofu.

Svæðisráð gerir ekki athugasemdir við þessa rekstraráætlun og samþykkir hana fyrir sitt leyti.

3. Aðgerðaáætlun fyrir Austursvæði

Þjóðgarðsvörður fór yfir tillögur sínar um aðgerðir byggðar á stjórnunar- og verndaráætlun. Þær voru lagðar fyrir fundinn til umræðu sem fyrstu drög enda stjórnunar- og verndaráætlun enn ósamþykkt. Ítarlegri útlistun á þessum aðgerðum verður send til svæðisráðs til skoðunar síðar.

Í umræðum minnti Þórhallur á að sem fyrst þyrfti að setja af stað vinnu við deiliskipulag á tilteknum svæðum, t.d. vegna Snæfellsskála og skála í Geldingafelli. Skarphéðinn minnti á að svæðisráð hefði bókað í fyrra að forgangsmál 2011 ætti að vera að merkja betur allar leiðir inn í þjóðgarðinn.

4. Drög að framkvæmdaáætlun fyrir Austursvæði 2011

Þórður og Agnes fóru yfir framkvæmdaáætlun ársins sem skipt er í fjóra flokka: stígagerð, merkingar, bæklingar og sérstakar framkvæmdir. Ekki liggur fyrir hve mikið fé mun koma til framkvæmda á Austursvæði í ár en það verður ákveðið á stjórnarfundum í næstu viku.

Ruth spurði hvort lægi fyrir hvað af framkvæmdum væri deiliskipulagsskyld. Rætt um mikilvægi þess að fara ekki út í framkvæmdir án þess að allt slíkt sé á hreinu og gott samráð sé við sveitarfélög, Vegagerð og aðra aðila.

Skarphéðinn minnti á fyrri umræðu um mikilvægi þess að setja upp skilti við þær þrjár leiðir sem eru inn að Snæfelli, þ.e. við Laugarfell, Snæfellsveg og Hálsveg. Svæðisráð einhuga um að sett verði í forgang að komið verði fyrir merkingum við allar aðkomuleiðir inn í þjóðgarðinn fyrir sumarið þó svo að eitthvað verði um bráðabirgðamerkingar.

Ruth óskaði eftir því að settar yrðu tölur á hvern lið í þessari framkvæmdaáætlun áður en svæðisráð tæki afstöðu til forgangsröðunar þegar lægi fyrir hvað svæðið fengi til ráðstöfunar.

5. Staða mála á Austursvæði

Þjóðgarðsvörður sagði frá því helsta sem unnið er að bæði fyrir svæðið og í samstarfi við önnur svæði. Áætlanagerð og ársskýrsluskrif hafa tekið mikinn tíma. Auglýst verður eftir landvörðum á næstunni og fljótlega í framhaldinu eftir sérfræðingi.

6. Stækkunarmál á Austursvæði

Svæðisráð telur tímabært að farið verði að huga að stækkun Vatnajökulþjóðgarðs á Austursvæði. Beinir svæðisráð því til stjórnar þjóðgarðsins og umhverfísráðuneytis að farið verði að skoða hvernig Brúardalir og Krepputunga geti orðið hluti af þjóðgarðinum í framtíðinni eins og áætlanir hafi staðið til.

7. Fundur stjórnar Vatnajökulþjóðgarðs 19. janúar

Formaður sagði frá síðasta fundi stjórnar og helstu málum sem þar voru rædd.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.00.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Þórhallur Þorsteinsson

Ruth Magnúsdóttir

Magnhildur Björnsdóttir

Skarphéðinn G. Þórisson